



Atvinnuleysi í júlí minna en áætlað var – en óvissan framundan er veruleg

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í júlí 8,8% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 9,5% frá því í júní. Um 21.400 manns voru á atvinnuleysisskrá, þar af um 17.100 atvinnulausir og um 3.800 í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið lækkaði úr 2,1% í 0,9% milli mánaða. Almenna atvinnuleysið jókst hins vegar aðeins, var 7,5% í júní og 7,9% í júlí.

Atvinnuleysið hefur fram að þessu þróast með álíka hætti og spáð var í vor þegar óvissan var sem mest. Hagfræðideild Landsbankans spáði t.d. að atvinnuleysi myndi ná hámarki í 13% í ágúst og september, en samkvæmt nýjustu spá Vinnuálastofnunar mun það verða um 9% í ágúst og eilítið minna í september sem er töluvert undir okkar spá. Aðstæður í hagkerfinu hafa hins vegar breyst töluvert á síðustu dögum og því ekki útilokað að atvinnuleysi verði meira í haust en nýjustu spár gera ráð fyrir.


Hlutabótaleiðin á leiðinni út

Atvinnuleysi vegna hlutabóta heyrir nú næstum sögunni til og var komið niður í 0,9% í júlí, samanborið við 2,1% í júní og 5,6% í maí. Þetta kerfi mun renna sitt skeið á enda í lok ágúst.

Reiknað hefur verið með að almennt atvinnuleysi aukist nokkuð fram í september enda mikið af hópuppsögnum að koma til framkvæmda síðsumars, einkum í ágúst. Þannig spáir Vinnuálastofnun því að almennt atvinnuleysi fari vel yfir 8% í ágúst, en nýjar aðstæður varðandi komu ferðamanna gætu breytt þeirri mynd eitthvað.


Fjórar tilkynningar bárust um hópuppsagnir í júlí sem er mun minna en á síðustu mánuðum. Alls hefur um 7.700 manns verið sagt upp störfum í hópuppsögnum síðustu mánuði hjá um 110 fyrirtækjum. Flestar hópuppsagnir hafa komið úr ferðaþjónustu.

Skráð atvinnuleysi



Heimild: Vinnuálastofnun

Atvinnuleysi síðustu mánuði



Heimild Vinnuálastofnun. Ágúst og september 2020 er spá VMST.



Hagstofan mælir minna atvinnuleysi

Niðurstöður úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands fyrir júlí liggja ekki enn fyrir. Samkvæmt niðurstöðu Hagstofunnar var atvinnuleysi 3,5% í júní sem er mun lægra en tölur Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi sýna. Fyrr í sumar var fjallað um muninn á aðferðum og niðurstöðum Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar í [Hagsjá](#).

Minni atvinnuþátttaka dregur úr atvinnuleysi


Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar varðandi atvinnuþátttöku hafa lengi sýnt stöðuga þróun niður á við. Sé litið á hlaupandi meðaltal síðustu 12 mánaða var atvinnuþátttaka 83,7% í júní 2017. Í júní 2020 var samsvarandi tala 79,8%. Miklar sveiflur eru jafnan í atvinnuþátttöku innan ársins.

Þessar tölur um atvinnuþátttöku benda eindregið til þess að jaðarhópar hafi kosið að yfirgefa vinnumarkaðinn. Að þessu leyti er mælt atvinnuleysi nú eitthvað minna en ella hefði verið.

Atvinnuleysi áfram mikið


Eftir að ferðamenn voru farnir að koma hingað aftur í töluverðum mæli hefur óvissa nú aukist með nýjum og hertum reglum um skimun við landamæri. Atvinnuleysi á því eftir að verða mikið það sem eftir er ársins og hugsanlega meira en síðustu spár gáfu til kynna.

Mánaðarlegar mælingar á atvinnuleysi - án hlutabóta



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.